

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Grindavíkurbæ.

Vikurhóp 63, óveruleg breyting á deiliskipulagi norðan Hópsbrautar, vesturhluti.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsnefnd Grindavíkurbæjar 10. október 2022 óverulegar breytingar á deiliskipulagi norðan Hópsbrautar. Í breytingunni felst að krafa um bílageymslu er felld út, fjöldi íbúða eykst og byggingarreitur mun stækka.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Grindavíkurbæ, 17. október 2022.

Atli Geir Júlíusson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 31. október 2022